

Alþingi - Efnahags- og viðskiptanefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík 26. mars 2019  
UST201903-087/R.G.F.  
04.03

### Efni: Þingsályktunartillaga um árangurstengt kolefnisgjald - 380. mál

Með þingsályktunartillögunni um árangurstengingu kolefnisgjalds er lagt til að ráðherra leggi fram frumvarp til breytinga á lögum um umhverfis- og auðlindaskatta, nr. 129/2009, um að kolefnisgjald hækki eða lækki með hliðsjón af því hvernig gengið hefur að uppfylla skuldbindingar Íslands samkvæmt Parísarsamningnum árið á undan og markmið um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040. Umhverfisstofnun gerir greiningu á stefnum og aðgerðum í aðgerðaráætlun ríkisstjórnar og áætlað áhrif þeirra á samdrátt í losun (svo kallað "ex ante"). Einnig framreiknar stofnunin áætlaða losun fram í tímann m.v. alþjóðlegar skuldbindingar m.v. þær stefnur og aðgerðir sem eru í gildi á þeim tíma.

Ef innleiða skal þessa tillögu þá þarf að útfæra aðgerð um árangurstengt kolefnisgjald enn betur og ákvarða hvernig eigi að árangurstengja kolefnisgjald. Tölur um losun Íslands eru ekki aðgengilegar fyrr en tveimur árum eftir raunverulega losun. Sem dæmi, í apríl árið 2019 verður gögnum um losun Íslands fyrir árið 2017 skilað. Til viðbótar er mikilvægt að allar aðgerðir sem settar eru fram í aðgerðaráætlun ríkisstjórnar séu tölulegar, mælanlegar og tímasettar svo að hægt sé að meta samdrátt í losun með framkvæmd aðgerðanna.

Virðingarfyllst,

*Ragnhildur Guðrún F.*

Ragnhildur G Finnbjörnsdóttir  
Teymisstjóri teymis loftslags og loftgæða

*N Keller*

Nicole Keller  
Sérfræðingur

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t.nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. apríl 2019

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um árangurstengingu kolefnisgjalds, 380. mál.**

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um tillöguna. Viðskiptaráð tekur á þessu stigi máls ekki afstöðu til þess með hvaða hætti kolefnisgjald er lagt á og getur af þingsályktunartillögunni ekki séð fyrir með hvaða hætti árangurstengingu álagningar gjaldsins yrði háttað. Núverandi fyrirkomulag álagningar er útfært í lögum um umhverfis- og auðlindaskatta sem krónutölur á hvern lítra af eldsneyti og álagningin því nokkuð gagnsæ.

Í umsögn ráðsins um aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum kom hins vegar fram sú skýra afstaða ráðsins að álagning kolefnisgjalds verði tekjuhlutlaus og telur ráðið tilefni til að ítreka þá afstöðu.<sup>1</sup> Komi þannig til hækunar kolefnisgjalds skal því lækka aðrar opinberar álögur á móti þannig að hreinar tekjur ríkissjóðs af álagningu gjaldsins verði engar, heldur verði gjaldið sem slíkt notað í baráttunni gegn loftslagsbreytingum, án þess að ríkissjóður hafi af því tekjur sem hann annars hefði ekki eins og nú er.

Meðal annarra helstu áhersluatriða ráðsins í þessum málum er að þær aðgerðir sem gripið verður til í baráttunni við loftslagsbreytingar verðir greindar, mælanleg markmið verði fundin og þeim forgangsraðað með tilliti til kostnaðar- og ábata.

Viðskiptaráð fagnar þannig hvers konar viðleitni í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og hefur lagst á árarar með stofnun umhverfishóps Viðskiptaráðs.<sup>2</sup> Ráðið hvetur því til að tillögunni verði breytt þannig að útfærsla árangurstengingar kolefnisgjalds verði útfærð frekar og jafnframt að í tillögunni verði lögð áhersla á tekjuhlutleysi ríkissjóðs af álagningu kolefnisgjalds.

Virðingarfyllst,



Gunnar Dofri Ólafsson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

<sup>1</sup> Umsögn Viðskiptaráðs: [https://vi.is/%C3%BA%g%C3%A1fa/umsagnir/2018-/2018\\_11\\_15\\_umsogn-um-adgerdaaetlun-i-loftslagsmalum.pdf](https://vi.is/%C3%BA%g%C3%A1fa/umsagnir/2018-/2018_11_15_umsogn-um-adgerdaaetlun-i-loftslagsmalum.pdf) og <https://www.facebook.com/vidskiptarad/videos/2079944759002463/>

<sup>2</sup> Umhverfishópur Viðskiptaráðs: <https://vi.is/malefnastarf/frettir/umhverfishopur-vidskiptarads-tekur-til-starfa/>